




Þegar þú semur rapplag verður þú að hafa sögu að segja í textann. Sögu sem er bæði skemmtileg og myndin. Þú getur valið atvik í lífi þínu eða lýst því hvað er að finna í töskunni þinni eða undir rúminu þínu! Vandaðu vel orðin sem þú notar því það er ekki leyfilegt að nota blótsyrði eða ensk orð. Byrjaðu á að velja þér söguefni og gerðu uppkast að sögunni. Mundu að hún verður að vera myndin eða áhugaverð fyrir hlustandann.

Það næsta sem þú þarft að gera er að finna takt fyrir rappið þitt. Margir rapparar nota þennan takt: da DUM da da DUM da da DUM da DUM.

Síðan verður þú að æfa þig að flytja rapplagið til að geta breytt textanum í samræmi við taktinn.

Sagan mín





Ljóðskáldinu Jack Prelunsky finnst mikilvægt að gera nokkrar upphitunaræfingar áður en byrjað er að semja ljóð. Hér á eftir eru upphitunaræfingar hans:

Leikur að orðum

Veldu orð og finndu orð sem ríma við það.

Velja sér hlut

Veldu þér hlut, hvaða hlut sem er, til dæmis úrið þitt, pennaveski og svo framvegis. Horfðu vel og vandlega á hlutinn, lyktaðu af honum og prófaðu að kreista hann til að kanna hvaða hljóð kemur. Skrifaðu niður allt sem kemur í huga þinn.

Samheiti

Veldu þér lýsingarorð og skrifaðu niður öll orð sem koma í hugann sem hafa sömu merkingu.

Þá er upphitunaræfingum lokið og það er aldrei að vita nema að þú sért komin með góða hugmynd að ljóði!





Hvernig á að yrkja skoplegt ljóð um risaeðlur



Ímyndaðu þér risaeðlu við skringilegar aðstæður t.d. risaeðlu sem er að borða hádegisverð og finnur flugu í súpunni eða risaeðlu sem er hrædd við myrkur. Þú getur líka reynt að ímynda þér hvað risaeðlan á myndinni er að hugsa.

Skrifaðu orð sem þú getur notað í ljóðið þitt og gerðu uppkast að ljóðinu. Þegar þú ert að skrifa það áttu að hugleiða hvernig risaeðlan hugsar.

Orðin mín og fyrsta uppkast



Þú ætlar að bjóða slöngu í mat og vilt að gefa henni uppáhaldsmatinn hennar. Ef þú borðar ekki það sama og hún verður þú að matreiða annað fyrir þig. Þú þarft að lesa um slöngur til að komast að því hvað þær éta. Frú slanga sem er að koma í mat fær boðskort frá þér þar sem fram kemur hvað verði í matinn. Matseðilinn á boðskortinu áttu að setja upp sem ljóð.





Í mörgum bókum er vinátta lýst. Hugleiddu hver sé besti vinur þinn og svaraðu síðan þessum spurningum.

Vinur minn heitir _____

Hvar kynntust þið? _____

Hve lengi hafið þið verið vinir? _____

Hvað eigið þið vinirnir sameiginlegt? _____

Að hvaða leyti eru áhugamál ykkar ólík? _____

Hve mikils virði er vinátta? _____



Hvað þýðir það að vera vinur?

Ljúktu við þessa setningar

Vinur er _____

Vinur er _____

Vinur er _____

Vinur er _____

Vinur er _____

Vinur er _____

Gerðu uppkast að ljóði um vin.



SKRIFAÐ Í SKREFUM SMS eða tölvupóstur

LJÓÐ OG RITUN NEMENDUR

Veldu fjögur SMS-skilaboð og/eða tölvuskeyti. Frá hverjum eru skilaboðin? Hvað stóð í þeim? Lýstu tilfinningum þínum þegar þú last þau. Sendi sendandi þér myndir eða tákni? Hverju svaraðirðu? Skráðu athuganir þínar í töfluna hér fyrir neðan.



Sendandi	Efni skeytis	Tilfinning	Myndir/tákn	Svar


Nú átt þú að semja ljóð um skilaboðin. Reyndu að skrifa eitt erindi um hver skilaboð.



SKRIFAÐ Í SKREFUM SMS eða tölvupóstur

LJÓÐ OG RITUN
NEMENDUR





Það getur verið gaman að semja ljóð sem lítur út eins og upptalning eða listi. Nú átt þú að semja eitt ljóð um það sem angrar þig eða fer í taugarnar á þér. Þú skalt fara yfir þessar leiðbeiningar áður en þú byrjar. Það léttir þér vinnuna.

Uppskrift að ljóðinu *Það sem angrar mig*

- Höfundurinn er að segja lesandanum skoðun sína og jafnvel vekja hann til umhugsunar.
- Ljóðið hefur upphaf og endi eins og saga.
- Í ljóði getur hver lína byrjað á sama orðinu.

Hér er dæmi um ljóð sem þú getur notað sem fyrirmynd:

Það sem angrar mig

Þegar kennarinn segir mér að skrifa ljóð

þegar mamma mín segir mér að fara út með ruslið

þegar systir mín æfir sig á flautuna þegar ég er að horfa á sjónvarpið

þegar pabbi vill fá að sjá fréttir og ég verða að hætta að horfa á þáttinn minn

þegar litla systir mín klípur mig og ég er skammaður fyrir það

þegar ég þarf að standa fyrir framan bekkinn og lesa þetta ljóð.

Þeir sem angra mig	Það sem angrar mig



Vissir þú að fólk lýsir dýraljóðum ólíkt eftir löndum. Á Ísland segjum við me-me þegar við erum að lýsa því hvernig kindur jarma en í öðrum löndum er sagt be-be. Reyndu að lýsa hljóðum sem þú heyrir dags daglega. Hvernig vindurinn hvín, regndropar falla, sýður í potti o.s.frv.

Það sem gefur frá sér hljóðið	Lýsing á hljóðinu

Þegar þú hefur lokið við listann, gerðu fyrsta uppkast að ljóðinu þínu.



Veldu þér einn hlut í herberginu sem þú ætlar að semja ljóð um.

Það sem ég ætla að semja ljóð um er _____

Lýstu hlutnum því ég veit ekki hvernig hann lítur út:



Hvað gagn gerir hann? _____

Hvað hljóð framkallar hluturinn þinn? _____



Það getur verið gaman að láta nemendur semja ljóð um líkamshluta og fá þá til að hugleiða útlit, lögun og hlutverk þeirra. Verkefnið um hendur getur átt við aðra líkamshluta. Þegar verkefnið er kynnt fyrir nemendum byrjar kennarinn að skrifa á töfluna orð sem geta átt við hendur og fær nemendur til að hugleiða hvað hægt er að gera með höndum og hvernig þær líta út. Að því loknu eiga nemendur að skrifa nokkur orð sem þeim finnst lýsa eigin hendi. Því næst teikna þeir útlínur handarinnar á blað og skrifa setningu sem þeim finnst lýsa henni og líkja henni við eitthvað. Ljóðið hér fyrir neðan er bekkjarljóð nemenda í Ölduselsskóla.

Hönd mín er ...

Hönd mín er aum eins og maur.

Hönd mín er sterk eins og kraftakall.

Hönd mín er mjúk eins og köttur.

Hönd mín er heit eins og loginn.

Hönd mín er mjúk eins og dúnn.

Hönd mín er mjúk eins og hundur.

Hönd mín er lítil eins og hvolpur.

Hönd mín er brún eins og hestur.

Hönd mín er krumpuð eins og gömul kona.

Hönd mín er köld eins og snjór.

Hönd mín er mjúk eins og koggi.

Hönd mín er sterk eins og sólin.

Hönd mín er mjúk eins og silki en þó ekki hörð eins og hylki.

Hönd mín er hörð eins og hundabein.

Hönd mín er mjúk eins og leir.